

Völd Evrópusambandsins ná einnig til tannlækninga!

Amalgam enn og aftur!

Nefnd á vegum Evrópusambandsins (Medical Devices Expert Group) hefur lagt til að notkun amalgams verði takmörkuð eða bönnuð. Önnur nefnd (EU Dental Liason Commitee) sem hefur aðsetur í Brussel er að reyna að vinna gegn samþykkt amalgambannsins með rökum okkar tannlækna.

Svo virðist sem fyrri nefndin áltíti að amalgam í tannlækningum verði brátt aðaluppspretta kvikasilfursmengunar í Evrópu. Allt hefur verið tínt til í baráttu sumra Evrópuþingmanna til að banna amalgam. Það er nauðsynlegt fyrir okkur öll að fylgjast vel með þessum málum. Þann 22. febrúar verður tillagan afgreidd frá undirnefnd og fyrir apríllok verður einhver tillaga um framtíð amalgams í tannlækningum afgreidd frá Evrópuþinginu.

Þeim sem vilja koma á framfæri athugasemdum eða fylgjast með framgangi málsins er bent á vefsíðu EU Dental Liason Commitee/DLC (<http://www.eudental.org>)

Stjórn félagsins mun einnig koma athugasemdum á framfæri.

Og svo lýsingarefni!

Nú hefur Evrópusambandið samþykkt að tannhvítunarefni með vetnisperoxíðstyrk undir 6% verði seld án lyfjávísunar. Deilt er um hvernig megi markaðssetja tannhvítunarefni sem eru sterkari en 6% vetnisperoxíð. Það er auðvitað undir tannlæknum sjálfum komið hvernig þessi mál eru meðhöndluð af svona stofnunum. Allir sem stunda tannhvítun ættu að hafa eftirfarandi í huga:

Gæta þess að ljóst sé hverjum hentar þessi meðferð og hverjum ekki og ástæður þessa.

Upplýsa um óæskileg áhrif eða aukaáhrif af meðferðinni.

Það ætti að vera forsenda tannhvítunarmeðferðar að fyrir liggi : a) nákvæm sjúkrasaga og tannstatus b) hvað hafi verið reynt áður til að lýsa tennur, c) hvort notkun víns og/edá tóbaks hafi áhrif á lit tanna, d) ástand og horfur mjúkvefja og tanna.

Þetta eru ábendingar DLC (sjá hér að ofan) sem virðist vera að gæta þess að eitthvað vit verði í niðurstöðum Evrópusambandsþingsins

Kæru félagar

Lyfjanefnd Tannlæknafélagsins hefur ákveðið að fara fram á breytingar á reglugerð 105/2001 þ.e. sú er fjallar um heimildir tannlækna til að ávísa lyfjum.

Ef kollegar hafa einhverjar athugasemdir eða hugmyndir um breytingar þá eru þær vel þegnar.

Mikilvægt era þ nefndin fái upplýsingar um lyf sem ekki eru í reglugerðinni en við teljum okkur þurfa að nota í starfi.

Vinsamlegast hafið samband við undirritaðan á netfanginu sptannsi@simnet.is <<mailto:sptannsi@simnet.is>>

F.h. lyfjanefndar
Sævar Pétursson

Munið að greiða félagsgjöldin fyrir síðasta ár sem fyrst svo hægt sé að lækka þau á næsta ári

Styrkir úr vísindasjóði TFÍ

Auglýst er eftir umsóknum um styrk úr Vísindasjóði TFÍ. Tilgangur sjóðsins er að styrkja rannsóknir og stuðla að vísindastörfum á sviði tannlæknisfræði á Íslandi. Reglur sjóðsins kveða svo á um að styrkbeiðnir séu gjaldgengar frá öllum tannlæknum og öðrum vísindamönnum til tiltekinnar verkefna, greiðslu kostnaðar við rannsóknir og útgáfu á ritverkum á sviði tannlæknisfræða hér á landi.

Í umsóknum skal greina frá því viðfangsefni sem óskað er eftir styrk til, áætlunum um kostnað og tímalengd rannsóknar og fjárframlögum frá öðrum til verksins. Að jafnaði veitir sjóðurinn ekki fé til tækjakaupa. Að öðru jöfnu skal sá hafa forgang sem hefur ekki fengið úthultun úr sjóðnum áður.

Félagsmönnum, sem vinna að rannsóknarverkefnum, er bent á að hægt er að sækja um styrk úr sjóðnum og er umsóknarfrestur til 1. júní 2006.

Umsóknir skulu stílaðar á formann Tannlæknafélags Íslands og sendar í Síðumúla 35, pósthólf 8596, 128 Reykjavík



febrúar 2006

fréttabréf tannlæknafélags Íslands

Tímamót

Félagsfundur föstudaginn 17. febrúar verður sá síðasti í salnum okkar að Síðumúla 35 áður en farið verður í algjöra endurbyggingu salarins.

Komið hefur berlega í ljós að salurinn er barn síns tíma, og þarfnast endurnýjunar lífdaga. Skrifstofuhæðin hefur verið seld og verður söluhagnaði varið til að gera salinn á 3. hæð þannig úr garði að hann nýtist félaginu og félagsmönnum.

Salarrými verður aukið og skrifstofa, eldhúsrými og snyrting verða endurhönnuð frá grunni. Það er takmark stjórnar að salurinn geti þjónað sem fyrirlestrar- og fundasalur fyrir félagið, búinn fullkomnustu tækni og mestu þægindum.

Ekki verður reynt að aðlaga endurbyggingu salarins í þá veru að hann verði rekinn sem almennur leigusalur heldur verður allt lagt í að gera salinn þannig úr garði að við séum hreykin af okkar félagastöðu og getum boðið vinum okkar og kunningjum til teitis í salnum þegar það á við.

Raunverulegur áhugi félaga á félagsheimili okkar hefur komið á óvart. Þannig kom félagi að máli við okkur og afhenti tilboð sem hann hefði fengið til að koma á fjarsendibúnaði fyrir í salnum þannig að fylgjast mætti með fundi hvar sem væri á hæðinni. Margir hafa lagt fram hugmyndir að endurbótum og aðrir boðið fram aðstoð sína. Það er frábært.

Allt verður barns síns tíma. Gamli salurinn. Ný salurinn. Sífellt þarf að huga að því að viðhalda og endurbæta. Stjórn hefur hug á að fá samstarfsaðila okkar, fyrirtæki í greininni, innflutningsaðila, sérfræðifélög okkar og fleiri til að leggja salnum lið í tæknivæðingu og skreytingu. Þessi salur á að verða miðpunktur okkar innra starfs, þar eiga fyrirtækin að kynna nýjungar, þar eigum við að kynnast nýjungum, þar eigum við ræða saman, deila, gleðjast og vera ánægð með að eiga svona góðan sal og NOTA hann.

Sigurjón Benediktsson

ÚTGEFANDI : TANNLÆKNAFÉLAG ÍSLANDS,
SÍÐMÚLA 35

105 REYKJAVÍK
SÍMI 575 0500

TANNLAEKNAR@TANNLAEKNAR.IS
HTTP://WWW.TANNLAEKNAR.IS/
RITSTJ. OG ÁBM: SIGURJÓN BENEDIKTSSON,

Félagsfundur 17.febrúar

Félagsfundur
verður haldinn í félagsheimilinu
að Síðumúla 35
föstudaginn 17. febrúar n.k.
nákvæmlega kl. 19:00

Dagskrá:

Islam og önnur trúarbrögð:
Hvað er að gerast
og hversvegna ?

Framsaga : Séra Þórhallur Heimisson
prestur Hafnarfirði

2. Félagsmál

3. Önnur mál

Fundarstjóri :

Kristín Gígja Einarsdóttir

Þars em þessi fundur er sá síðasti
sem haldinn verður í salnum eins
og hann er í dag þá kveðjum við
gamla salinn með

SÍLDARVEISLU

sem hefst að loknum fundi
Léttar veitingar og sílfur hafsins í
boði félagsins

Sr. Þórhallur Heimisson lauk prófi frá guðfræðideild Háskóla Íslands 1988. Hann stundaði framhaldsnám í trúarbragðafræði við Árósarháskóla í Danmörku og við Uppsala háskóla í Svíþjóð og vann þá með aðstandendum fórnarlamba dýrkunarreglna. Sr.Þórhallur lagði einnig stund á nám í hjóna og fjölskylduráðgjöf hjá sænsku kirkjunni.



Hér eru tvíburarnir hennar Guðrúnar Jónsdóttur. Til hamingju!



Og hér er tvíburatönn (gemination) sem er ekki algengt fyrirbæri og þarf að aðgreina frá samrunatönn (fusion). Mér finnst tvíburarnir hennar Guðrúnar flottari!

Starfið framundan

Föstudaginn 10. mars klukkan 18:00 verður félagsfundur á Akureyri (KEA) og stjórnin mun síðan halda vinnufund á Húsavík laugardaginn 11. mars. Þeir félagar sem áhuga hafa á skíðum og útiveru ættu að nýta sér tækifærið og sækja Norðurland heim og sækja félagsfund í leiðinni.

Fyrirhugaðir eru fundir í maí og snemma í júní. Engir fundir verða í apríl enda mikill frímánuður. Nokkuð mun það marka starfið að verið er að endurbyggja sal félagsheimilisins og flytja skrifstofu upp á 3.hæð.

Ólafur G. Karlsson félagi okkar hefur verið fenginn til að sjá um að hlutirnir gerist og passi að auranir okkar nýtist sem best við endurbyggingu salarins. Samið hefur verið um að endurbæta/endurhanna heimasíðuna og mun því verða lokið fyrir vorið.

Stefán Hallur Jónsson stjórnarmaður verður formaður afmælisnefndar vegna 70 ára afmælisins. Formaður situr einnig í nefndinni en að öðru leyti munu félagar verða kallaðir til starfa og sjálfbodaðliðar eru ávallt velkomnir.

Stefnt er að því að salurinn verði tilbúinn fyrir haustið og því munum við kynnast því að leigja okkur sal í hvert skipti sem eitthvað stendur til fram að því.

Útkall verður vegna flutnings á skrifstofu upp á 3.hæð síðar í vetur.

Félagið er að koma á samningi við MEDline eða Pub Med um að kaupa aðgang félaga TFÍ að gagnagrunni þessara aðila. En grunnurinn spannar svo til öll læknis- og tannlæknisfræðileg vísindarit og greinar. Stefnt er að kennslu í notkun þessara grunna þegar málið er í höfn

hafðu samband
tannlaeknar@tannlaeknar.is

Laun tanntækna og aðstoðarfólks með mánaðarlaun sem eru lægri en 190.000 krónur fyrir fullt starf í dagvinnu, skulu hækka um 5000 krónur 1. janúar

Breytt tímasetning ársþings 2006

Ársþings- og endurmenntunarnefnd hefur ákveðið að næsta ársþing verði frekar snemma næsta ár eða dagana **5. og 6. október**

Aðalfyrirlesari verður skoskur: **William P Saunders** og er titill fyrirlesturs hans: **CONTEMPORARY THOUGHTS ON ENDODONTICS AND RESTORATIONS OF THE ROOT FILLED TOOTH**

Fréttabréf Tannlæknafélagsins er opið öllum félagsmönnum. Sérstaklega eru formenn nefnda hvattir til að koma með efni í fréttablaðið. Blaðið verður sent út í pósti til maí 2007 en síðan einungis á rafrænu formi. Þeir sem ekki hafa fengið sér tölvu og lágmarkskunnáttu á gripinn ættu að drífa í því strax í dag. Það er bæði ódýrara og þægilegra að hafa samband um tölvu og tannlaeknar verða að fara að komast inn í nútímann.



fréttabréf tannlæknafélags Íslands


febrúar 2006

Veldur Amoxicillin tanngöllum?

Á janúarkúrsus kom fram að mikil aukning er í tíðni tanngalla barna. Var nokkuð rætt um orsök þess en ekki var nein niðurstaða í málinu. Ekki var mikið gert úr því að lyf yllu tanngöllum - utan tetracyclins auðvitað. Sú fullyrðing að það væri hiti sem væri valdur að tanngöllum barna leiddi hugann að því að börn hafa alltaf verið að fá hita. Hvers vegna fer þessi hækkaður líkamshiti allt í einu núna að valda miklu almennari einkennum í tönnum á myndunarskeiði? Það skyldi þó ekki vera meðhöndlunin - lyfjagjöfin sem væri orsakavaldur? Í nýlegu fréttabréfi ADA frá 13.janúar er einmitt að finna hugleiðingu um möguleg tengsl Amoxicillins og tanngalla. (leitarorð : ADA Amoxillin)

DIOXIN OG TENNUR
Eitthvert mesta vá í umhverfismálum er aukið magn þrávirkra efna í umhverfinu. Það eru efni sem halda virkni sinni lengi og hafa óæskileg áhrif á líf, náttúru og heilsu. Eitt þessara efna er dioxín (nær yfir mörg efnafræðileg afbrigði) sem hefur verið verulegt umhverfisvandamál í þrjá áratugi. Í áhugaverðri grein frá finnska umhverfisráðuneytinu (leitarorð: dioxin, human milk, developmental dental defect, children) er bent á hversu heppilegt er að nota mælingar á tönnum og tannefjum sem mælikvarða á dioxin eitrun. Fróðlegt.

SKRIFSTOFUHÆÐIN SELD
Skrifstofuhæðin hefur nú verið seld eins og til stóð og hefur verið rækilega kynnt. Fyrir 154 fermetra hæðina fékkst 22.5 milljón króna sem er ágætt verð. Til samanburðar voru boðnar 33 milljónir í efri hæðina, salinn okkar, sem er 346 fermetrar. Kaupandi skrifstofuhæðarinnar er Fyrirtækjasala Íslands. Afhending er 1. maí sem kemur sér afar vel fyrir félagið og truflar daglegt starf á skrifstofu sem minnst. Þegar er hafinn undirbúningur að endurbyggingu salarins.



Tannsteinar
18. Dráp Sels jötuns
Selr kastar niðr byrðinni, en lagði bjarnsviðu til Hálfðanar. Hann hjó á móti með saxinu ok sundr sviðuskaptit ok af honum alla fingrna á annarri hendi. Selr greip upp stein ok snarar at Hálfðani. Hann skaut undan ok varð svá nær Sel, at hann greip í tönnina, er fram stóð ór múlastykkinu á honum. Hann brá svá hart við, at ór honum gekk tönnin. Hálfðan laust henni á nasir Sel ok braut í honum nefit ok allan tanngarðinn, ok var þursinn þá engum líkr nema sjálfum sér. Greip hann þá til Hálfðanar ok kreisti svá fast at síðum hans, at blóð fell út um eyru hans ok nasir. Hálfðan lék þá Sel hælkrók, ok fell hann á bak aptr. Tönn hans kom á steinasörvit, ok brotnaði einn steinninn. Hálfðan gat nú hvergi hrært sik. Rakkinn karlsnautr hljóp þá framan í nasirnar á Sel ok klóraði ór honum bæði augun. Þá varð Hálfðan lauss, ok hjó hann höfuð af Sel ok kastar honum svá út á móðuna, er þar fell nær.
Þeir, sem búa yfir vitneskju um sögur og sagnir af tönnum, ættu að senda sögurnar á ritstjóra tannlaeknar@heilhus.is